

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 655/2004, frá 7. apríl 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar nítrat í matvælum fyrir ungbörn og smábörn. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57 frá 29. apríl 2005 og var birt í EES-viðbæti nr. 46 frá 15. september 2005.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 683/2004, frá 13. apríl 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar aflatoxín og okratoxín A í matvælum fyrir ungbörn og smábörn. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57 frá 29. apríl 2005 og var birt í EES-viðbæti nr. 46 frá 15. september 2005.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 684/2004, frá 13. apríl 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar díoxín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57 frá 29. apríl 2005 og var birt í EES-viðbæti nr. 46 frá 15. september 2005.

Framangreindar EB-gerðir eru birtar sem fylgiskjal 1, 2 og 3 við reglugerð þessa.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995 samanber og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 samanber og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 7. mars 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 655/2004**

frá 7. apríl 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar nítrat í matvælum fyrir ungbörn og smábörn

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 ⁽²⁾ eru tilgreind hámarksgildi [D: hámarks-magn] tiltekinnna aðskotaefna [O: mengunarefna] í matvælum, þ.m.t. matvælum sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum og sem falla undir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn ⁽³⁾.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 466/2001 skal fastsetja sérstök hámarksgildi fyrir aðskotaefni í matvælum, sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum, eigi síðar en 5. apríl 2004.

3) Sem svar við álit vísindanefndarinnar um matvæli frá 1995 eru sett hámarksgildi með reglugerð (EB) nr. 466/2001, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 563/2002 ⁽⁴⁾, fyrir nítrat í tilteknum tegundum grænmetis. Í því skyni að vernda lýðheilsu, einkum með tilliti til hugsanlegra tengsla við myndun krabbameinsvaldandi efna á borð við nítrósamín, skal lækka nítratgildið eins mikið og unnt er.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjótið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1)

⁽²⁾ Stjótið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 455/2004 (Stjótið. ESB L 74, 12.3.2004, bls. 11).

⁽³⁾ Stjótið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/13/EB (Stjótið. ESB L 41, 14.12.2003, bls. 33).

⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 86, 3.4.2002, bls. 5.

4) Ungbörn og smábörn eru viðkvæmur þjóðfélagsþpur og til að vernda heilsu þeirra er rétt að fastsetja lágt hámarksgildi sem unnt er að ná fram með því að velja af kostgæfni það hráefni sem er notað til framleiðslu á unnum matvælum með korn sem uppistöðu og barnamat.

5) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ⁽⁵⁾ eru teknar upp sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og tilskipun 79/700/EBE ⁽⁶⁾ er felld úr gildi. Ákvæðum tilskipunarinnar er ætlað að ná yfir sýnatöku við opinbert eftirlit með nítrati.

6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórtiðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. október 2004.

Reglugerð þessi gildir ekki um vörur sem voru settar á markað fyrir 1. október 2004 í samræmi við gildandi ákvæði. Sönnunarbyrðin varðandi það hvenær vörurnar voru settar á markað hvílir á rekstraraðila viðkomandi matvælafrirtækis.

⁽⁵⁾ Stjótið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30.

⁽⁶⁾ Stjótið. EB L 207, 15.8.1979, bls. 26.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Í 1. þætti I. viðauka, Nitröt, bætist við eftirfarandi liður 1.5:

Vara	Hámarksildi (mg NO ₃ /kg)	Sýnatökuaðferð	Tilvisunargreining- araðferð
„1.5. Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppiðödu fyrir ungbörn og smábörn ⁽¹⁾ ⁽²⁾ “	200	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB (sömu ákvæði og fyrir unnin matvæli úr jurtaríkinu og fyrir unnin matvæli úr dýraríkinu)	

⁽¹⁾ Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppiðödu fyrir ungbörn og smábörn samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppiðödu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn. Hámarksildin eiga við um afurðir sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum frá framleiðendum.

⁽²⁾ Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hámarksildin fyrir nitröt í matvælum fyrir ungbörn og smábörn eigi síðar en 1. apríl 2006 og taka tillit til aukinnar þekkingar á sviði vísinda og tækni.“

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 683/2004**

frá 13. apríl 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar aflatoxín og okratoxín A í matvælum fyrir ungbörn og smábörn**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR, með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr., að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 ⁽²⁾ eru tilgreind hámarksgildi [3; hámarks-magn] tiltekinna aðskotaefna [3; mengunarefna] í matvælum, þ.m.t. matvælum sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum og sem falla undir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE frá 14. maí 1991 um ungbarnablöndur og stoðblöndur ⁽³⁾ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn ⁽⁴⁾.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 466/2001 skal fastsetja sérstök hámarksgildi [3; hámarksviðmiðunargildi] fyrir aðskotaefni [3; mengunarefni] í matvælum, sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum, eigi síðar en 5. apríl 2004.
- 3) Sum aðildarríkin hafa samþykkt hámarksgildi fyrir aflatoxín B1, aflatoxín M1 og okratoxín A í matvælum sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum. Með hliðsjón af ósamræmi milli innlendu ákvæðanna og hættu á rökun á samkeppni af þeim sökum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins í því skyni að stuðla að heildstæðum markaði og halda jafnframt meðalhófsregluna í heiðri.
- 4) Ungbörn og smábörn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur og til að vernda heilsu þeirra er rétt að fastsetja lægsta hámarksgildi sem unnt er að ná fram með því að velja af kostgæfni það hráefni sem er notað til framleiðslu á ungbarnablöndum, stoðblöndum, unnum matvælum með korn sem uppistöðu og barnamat. Til að geta framfylgt hámarksgildunum þarf fullgilta greiningaraðferð. Að því er aflatoxín M1 varðar mun framkvæmdastjórnin skipuleggja alþjóðlega hringprófun til að sannprófa hvort hægt er að ákvarða með áreiðanlegum hætti magn 0,01 µg/kg aflatoxíns M1 með það fyrir augum að lækka hámarksgildið í 0,01 µg/kg aflatoxíns M1.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.

6) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 466/2001 komi eftirfarandi:

„2. Hámarksgildin, sem tilgreind eru í I. viðauka, skulu einnig gilda um matvæli sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum og sem falla undir tilskipun 91/321/EBE og tilskipun 96/5/EB, að teknu tilliti til breytinga á styrk aðskotaefnis, sem verða vegna þurrkunar, þynningar eða vinnslu, og hlutfallslegs styrks innihaldsefnisins í afurðinni. Þetta á ekki við um aðskotaefni sem sérstök hámarksgildi Bandalagsins hafa verið sett fyrir að því er tiltekin matvæli varðar eða tilvik þegar hámarksgildi Bandalagsins liggja ekki fyrir en strangari gildi hafa verið sett með innlendra löggjöf fyrir tiltekin matvæli.“

2. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. nóvember 2004.

Reglugerð þessi gildir ekki um vörur sem voru settar á markað fyrir 1. nóvember 2004 í samræmi við gildandi ákvæði. Sönnunarbyrðin varðandi það hvener vörurnar voru settar á markað hvílir á rekstraraðila viðkomandi matvælaflýrtækis.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 455/2004 (Stjtið. ESB L 74, 12.3.2004, bls. 11).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 175, 4.7.1991, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/14/EC (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 37).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/13/EC (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 33).

Nr. 237

7. mars 2007

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 13. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
David BYRNE
framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt sem hér segir:

1. Í 2. þætti: Sveppaeitur (mýkótóxin), 2.1. Aflatoxín, bætist við eftirfarandi liðir 2.1.5, 2.1.6 og 2.1.7:

Vörur	Hámarks-gildi (µg/kg eða ppb)			Sýnatökuaðferð	Tilvisunargreiningar- aðferð
	B ₁	B ₁ + B ₂ + G ₁ + G ₂	M ₁		
„2.1.5. Barnamat og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn ⁽¹⁾ “	0,10	—	—	Tilskipun 1998/53/EB	Tilskipun 1998/53/EB
2.1.6 Ungbarnablöndur og stoðblöndur, þ.m.t. mjólk fyrir ungbörn og stoðmjólk ⁽²⁾	—	—	0,025	Tilskipun 1998/53/EB	Tilskipun 1998/53/EB
2.1.7 Sérfeða, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ⁽³⁾ , ætluð sérstaklega fyrir ungbörn	0,10	—	0,025	Tilskipun 1998/53/EB	Tilskipun 1998/53/EB

⁽¹⁾ Barnamat og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn, eins og skilgreint er í 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjóð. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/13/EB (Stjóð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 33). Hámarks-gildið fyrir barnamat og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn á við um þurrefnið. Þurrefnið er ákvarðað í samræmi við ákvæði tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB og 2002/26/EB.

⁽²⁾ Ungbarnablöndur og stoðblöndur, eins og skilgreint er í 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EB frá 14. maí 1991 um ungbarnablöndur og stoðblöndur (Stjóð. EB L 175, 4.7.1991, bls. 35), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/14/EB (Stjóð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 37). Hámarks-gildið fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur á við um vörur sem eru tilbúnar til notkunar (og eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans).

⁽³⁾ Sérfeða sem er notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfeði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjóð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29). Hámarks-gildið fyrir sérfeðu, sem er notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og ætluð sérstaklega fyrir ungbörn, á við um
— að því er varðar mjólk og mjólkurvörur: framleiðsluvörur sem eru tilbúnar til notkunar (og eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans),
— að því er varðar aðrar vörur er mjólk og mjólkurvörur: þurrefni. Þurrefnið er ákvarðað í samræmi við ákvæði tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB og 2002/26/EB.“

2. Í 2. þætti: Sveppaeitur (mýkótóxin), 2.2. Okratoxín A, bætist við eftirfarandi liðir 2.2.4 og 2.2.5:

Vörur	Hámarks-gildi (µg/kg eða ppb)	Sýnatökuaðferð	Tilvisunargreiningaraðferð
„2.2.4. Barnamat og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn ⁽¹⁾ “	0,50	Tilskipun 2002/26/EB	Tilskipun 2002/26/EB
2.2.5 Sérfeða, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ⁽²⁾ , ætluð sérstaklega fyrir ungbörn	0,50	Tilskipun 2002/26/EB	Tilskipun 2002/26/EB

⁽¹⁾ Barnamat og unnin matvæli sem eru að stofni til úr korni fyrir ungbörn og smábörn, eins og skilgreint er í 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjóð. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/13/EB (Stjóð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 33). Hámarks-gildið fyrir barnamat og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn á við um þurrefnið. Þurrefnið er ákvarðað í samræmi við ákvæði tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB og 2002/26/EB.

⁽²⁾ Sérfeða sem er notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfeði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjóð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29). Hámarks-gildið fyrir sérfeðu, sem er notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og ætluð sérstaklega fyrir ungbörn, á við um
— að því er varðar mjólk og mjólkurvörur: framleiðsluvörur sem eru tilbúnar til notkunar (og eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans),
— að því er varðar aðrar vörur er mjólk og mjólkurvörur: þurrefni. Þurrefnið er ákvarðað í samræmi við ákvæði tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB og 2002/26/EB.“

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 684/2004**

frá 13. apríl 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar díoxín

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræms við það.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 frá 8. mars 2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽²⁾ er kveðið á um hámarksgildi fyrir díoxín í tilteknum matvælum.*1. gr.*

2) Hámarksgildin fyrir díoxín gilda frá 1. júlí 2002. Beiting ákvæðanna hefur leitt í ljós að þörf er á greinilegri lýsingu á framleiðsluvörurum eða þeim hluta þeirra sem hámarksgildin eiga við um.

Ákvæðum 5. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt sem hér segir:

1. í fyrsta dálki, lið 5.1.2., komi „Lifur úr landdýrum og afurðum úr henni“ í stað „Lifur og afurðum úr henni“,

3) Fyrirliggjandi gögn sýna að í eggjum útihæna og hæna í hálfþéttbæru eldi (semi-intensive) er meira af díoxíni en í eggjum búrhæna. Gripa verður til ráðstafana til að lækka díoxíngildið í eggjum útihæna og hæna í hálfþéttbæru eldi, en gert hafði verið ráð fyrir aðlögunartímabili til 1. janúar 2004 að því er beitingu gildanna varðar. Nú er ljóst að lengri tíma þarf til rannsókna til að hægt sé að setja fram mögulegar ráðstafanir til að lækka díoxíngildi í eggjum útihæna og hæna í hálfþéttbæru eldi og til að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd. Því er fresturinn lengdur um eitt ár.

2. í fyrsta dálki, lið 5.2., bætist eftirfarandi setning við 5. nmgr.: „Þegar fiskurinn er ætlaður til neyslu í heilu lagi á hámarksgildið við um allan fiskinn.“,

4) Í millitíðinni hefur tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB frá 30. júlí 2002 um aðferðir við sýnatöku og greiningu við opinbert eftirlit með díoxínum og til að ákvarða PCB-efni, sem líkjast díoxíni, í matvælum ⁽³⁾ verið samþykkt.

3. í fyrsta dálki, lið 5.4., 8. nmgr., komi „1. janúar 2005“ í stað 10. janúar 2004“,

4. í fyrsta dálki, öðrum undirlið í lið 5.5, Olíur og fitur, komi „jurtaolía og -fitur“ í stað „jurtaolía“,

5. í þriðja og fjórða dálki, lið 5.1.1. til liðar 5.5, komi orðin „Tilskipun 2002/69/EB^(*)“ í stað „Tilskipun 2001/.../EB^(*)“.^(*) Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 5.*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 455/2004 (Stjtið. ESB L 74, 12.3.2004, bls. 11).⁽³⁾ Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 5.

Nr. 237

7. mars 2007

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 13. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
David BYRNE
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2007